

Húsbyggjendatrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- vátryggingarskírteini
- vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Ákvæði vátryggingarskírteinis ganga framur frávíkjanlegum laga-ákvæðum.

Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Ákvæði skilmála þessara gilda um vátrygginguna nema annað komi fram í sérskilmálum.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði vátryggingarskírteinis framur ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framur almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framur almennum.

Tjónagrunnur

Tiltekna upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunnin:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetning tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit:Hvað er váttryggt - hverjir eru váttryggðir

1. [Vatn](#)
2. [Hrun og sig](#)
3. [Óveður](#)
4. [Innbrot, þjófnaður og skemmdarverk](#)
5. [Brotið gler](#)
6. [Sótfall](#)
7. [Slysatrygging](#)

Sameiginleg ákvæði

1. [Gildistími - endurnýjun - réttur til uppsagnar](#)
2. [Löggjaldið](#)
3. [Váttryggingarfjárhæðir - eigin áhætta -verðbreytingar](#)
4. [Undanskildar áhættur](#)
5. [Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni](#)
6. [Áhættubreyting](#)
7. [Ráðstafanir til varnar tjóni](#)
8. [Tilkynning um tjón- Greiðsla bóta](#)
9. [Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning](#)
10. [Ákvæði um tjón - Hvernig eru bætur ákvarðaðar](#)
11. [Tvítrygging](#)
12. [Brot á upplýsingaskyldu -svik og rangar upplýsingar](#)
13. [Váttryggður veldur váttryggingaratburði](#)
14. [Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - reglur um samsömun](#)
15. [Endurkröfuréttur](#)
16. [Ágreiningur um bætur](#)
17. [Varnarþing](#)
18. [Vernd persónuupplýsinga](#)

Hvað er váttryggt - hverjir eru váttryggðir

Váttryggingin bætir tjón á húseign þeirri eða hluta húseignar sem váttryggt er í smíðum svo og tjón á byggingarefni enda sé það komið í hús á váttryggingar-staðnum. Váttryggingin bætir jafnframt tjón á verkfærum, vinnupöllum og vinnuskúrum á byggingarstað enda séu þessir hlutir í eigu eða umsjá váttryggðs og þeirra sé getið í váttryggingarskírteini. Váttryggingartaki er váttryggður. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda váttryggðrar húseignar.

Váttryggingin bætir jafnframt slys á mönnum í þjónustu váttryggðs við störf við húsbygginguna.

Váttryggingarsvið

Váttryggt er gegn tjóni af völdum:

1. Vatns
2. Hruns og sigs
3. Óveðurs
4. Innbrots, þjófnaðar og skemmdarverks
5. Brotins glers
6. Sótfalls
7. Slysáttrygging

Það er skilyrði ábyrgðar samkvæmt váttryggingu þessari, að váttryggður hafi í þjónustu sinni, á meðan á byggingartími varir, iðnmeistara í samræmi við lög og reglugerðir, sem sjá um og bera ábyrgð á framkvæmdum.

1. Vatn

Váttryggingin bætir:

Tjón á hinum váttryggðu eignum, sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs leka úr leiðslukerfi hússins.

Váttryggingin bætir ekki:

Skemmdir á leiðslum bætast ekki né kostnaður við endurlögn þeirra.

Tjón af völdum utanaðkomandi vatns svo sem úrkomu, flóðs eða snjóbráðar bætist ekki.

Eigin áhætta:

Váttryggður ber í eigin áhættu kr. 55.800 í sérhverju tjóni .

2. Hrun og sig

Váttryggingin bætir:

Tjón á hinum váttryggðu eignum af völdum hruns eða sigs enda eigi tjónsorsökin rót sína að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs atviks.

Eigin áhætta:

Váttryggður ber í eigin áhættu 10% í sérhverju tjóni, þó að lágmarki kr. 55.800.

3. Óveður

Váttryggingin bætir:

Tjón á hinum váttryggðu eignum sem verður af völdum óveðurs. Með óveðri er átt við að vindhraði nái 11 vindstigum. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands.

Bætur greiðast fyrir allt tjón sem stafar beinlínis af völdum óveðurs þ.m.t. tjón sem úrkoma veldur í kjölfar þess.

Eigin áhætta:

Vátryggður ber í eigin áhættu kr. 55.800 í sérhverju tjóni.

4. Innbrot, þjófnaður og skemmdarverk**Vátryggingin bætir:**

Tjón á hinum vátryggðu eignum af völdum innbrots, þjófnaðar eða skemmdarverka á byggingarstað. Tjón af völdum þjófnaðar bætist því aðeins að því sem stolið var hafi verið geymt í læstum hirslum en þjófnaður á munum sem geymdir eru undir berum himni bætist ekki. Lögreglu skal strax tilkynnt um tjón af völdum innbrots, þjófnaðar eða skemmdarverk.

Eigin áhætta:

Vátryggður ber í eigin áhættu kr. 55.800 í sérhverju tjóni.

5. Brotið gler**Vátryggingin bætir:**

Tjón á gleri í húsi því eða hluta húss sem vátryggt er, ef það brotnar eftir að því hefur endanlega verið komið fyrir á þeim stað sem því er ætlað að vera á. Bætur miðast við venjulegt, slétt rúðugler.

Eigin áhætta:

Vátryggður ber í eigin áhættu kr. 55.800 í sérhverju tjóni.

6. Sótfall**Vátryggingin bætir:**

Tjón á hinni vátryggðu eign af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs sótfalls t.d. vegna sprengingar í kynditækjum.

Eigin áhætta:

Eigin áhætta vátryggðs er kr. 55.800 í sérhverju tjóni.

7. Slysátrygging**Vátryggingin bætir:**

Vátryggingin greiðir bætur vegna slyss er vátryggður, fjölskylda hans og aðrir sem eru við störf við húsbýgginguna verða fyrir á byggingarstað.

Vátryggingarskilmálar og fjárhæðir eru að öðru leyti þær sömu og gilda fyrir slysátryggingu launþega í byggingarvinnu í samræmi við samninga samtaka launþega og vinnuveitenda eins og þeir eru á hverjum tíma.

Vátryggingin bætir ekki:

Slys er iðnmeistarar, verktakar eða starfsmenn þeirra verða fyrir.

Sameiginleg ákvæði**1. Gildistími - endurnýjun - réttur til uppsagnar**

Vátryggingin er skammtímatrygging sem gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða á iðgjaldskvittun.

Vátryggingin endurnýjast ekki nema að uppfylltu því skilyrði að vátryggingartaki undirriti beiðni um endurnýjun.

Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;

3. ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan;
4. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;
5. ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
 - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;
6. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.

Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 30/2004.

2. Iðgjaldið

Greiðsla iðgjalds

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi.

Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.

2.3 Slit samnings á váttryggingartímabilinu

Ef váttryggingarsamningnum er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi.

Útreikningur iðgjalds

Við útreikning iðgjalds er lögð til grundvallar áætlun um byggingarkostnað hins váttryggða auk verðmætis verkfæra og áhalda, vinnupalla og vinnuskúra.

3. Váttryggingarfjárhæðir - eigin áhætta -verðbreytingar

Í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum er getið um váttryggingarfjárhæðir og fjárhæð eigin áhættu.

Þessar fjárhæðir fylgja þróun verðlags í landinu, þ.e.a.s. vísitölu byggingarkostnaðar en fjárhæðir þessar eru miðaðar við vísitöluna þegar hún var 303,9 stig.

4. Undanskildar áhættur

Vátryggingin bætir ekki:

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðaráttökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppptoti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi. Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:

- 1.1. jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorku-eldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis:
- 1.2. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra:
- 1.3. hvers konar vopnum þar sem beitt er fumeinda- eða kjarnaklofningu og eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarna-hvörfum, geislaafli eða geislandi efni.

Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efna-mengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orskaka.

Hryðjuverk merkir hér verknað, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og /eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framin eru í stjórn málagögnum eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar sem talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og /eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.

Mengun merkir hér, spillingu, eitrun eða hindrandi og /eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum. Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarfskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara. Tjón sem unnið er af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vátryggðs eða starfsmanns hans.

Afleidd tjón af hvaða orsökum sem er. Tjón sem stafar af því að rangt að gallað efni er notað.

Tjón sem stafa af rangri og /eða ófullkominni hönnun og /eða útreikningum.

5. Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni

Eignatjón sem vátryggt er gegn samkvæmt vátryggingu þessari eru efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir.

Efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir taka ekki til tjóna á upplýsinga-gögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegra breytinga á upplýsingagögnun, hugbúnaði eða tölvuforritum sem orsakast af eyðingu, afbökun eða af því að upphafleg gerð þeirra hefur afmyndast. Þar af leiðandi eru undanskilin í vátryggingu þessari:

- a. Tjón á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegar breytingar á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum, sem orsakast af því að þeim er eytt, þau afbökuð eða upphafleg gerð þeirra er afmynduð svo og allt rekstartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni
- b. Tjón, sem orsakast af því að dregið hefur úr virkni eða notagildi, notkunarsviði, eða aðgangi að upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

6. Áhættubreyting

Ef breyting verður á áhættu þeirri sem váttryggð er eða vinnuaðferð og/eða framgangi byggingarframkvæmda á váttryggingartímanum, jafnvel þó aðeins sé um tímabundna breytingu að ræða skal tilkynna það félaginu án tafar. Mun það þá taka ákvörðun um hvort váttryggingin verði áfram í gildi og með hvaða skilyrðum. Félagið áskilur sér rétt til þess að segja váttrygginguni upp, sbr. X. gr. skilmála þessara, eða breyta váttryggingarkjörum vegna breytinga á áhættu.

Láti váttryggður hjá líða að tilkynna félaginu um breytingu á áhættu getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004. Hafi félaginu ekki borist slík tilkynning ber félagið aðeins ábyrgð samkvæmt þeim skilmálum og að því marki sem félagið hefði látið hana gilda áfram gegn umsömdu iðgjaldi, ef því hefði borist vitneskja um breytinguna.

7. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar það tjón sem váttryggt er gegn, hefur gerst eða hætta er á að verði ber váttryggðum að reyna að afstýra því. Vanræksla í því efni getur varðað lækkun eða missi bóta, sbr. lög um váttryggingarsamninga.

8. Tilkynning um tjón- Greiðsla bóta

Þegar tjón verður eða tjón er uppgötvað skal váttryggður tilkynna félaginu það svo fljótt sem verða má en einnig skal váttryggður grafast fyrir um orsök þess að svo miklu leyti sem honum er unnt.

Þegar það tjón sem váttryggt er gegn hefur gerst eða hætta er á að verði, ber váttryggðum að reyna að afstýra því. Vanræksla í því efni getur varðað lækkun eða missi bóta, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Váttryggður skal gefa félaginu tækifæri til að skoða og meta tjónið áður en nokkur viðgerð hefst og áður en samið er um viðgerð.

Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða upphæð bótanna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

9. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

10. Ákvæði um tjón - Hvernig eru bætur ákvarðaðar

Bætur vegna tjóns á hinni váttryggðu húseign miðast við, að svo miklu leyti sem unnt er, að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið.

Tjón á hinni váttryggðu húseign bætist að hámarki með þeirri váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á hinni váttryggðu húseign. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu eða greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinu váttryggða. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða.

Að því er varðar tjón á lausafjármunum sem unnt er að bæta með viðgerð, greiðist eðlilegur viðgerðarkostnaður þannig að hið váttryggða verði eins og það var rétt fyrir tjónið.

Sé um alltjón að ræða, þ.e.a.s. ef kostnaður við viðgerð er jafnhár eða hætti en núvirði, nema bæturnar núvirðinu eins og það var rétt fyrir tjónið að frádregnu hugsanlegu andvirði hins skemmda.

Með núvirði er átt við kaupverð nýs hlutar skömmu fyrir tjónið, þ.m.t. flutningskostnaður og tollur, en sú fjárhæð er síðan lækkuð hæfilega með tilliti til aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis eða annarra kringumstæðna.

Kostnaður við flutning váttryggðra muna til viðgerðar greiðist eftir venjulegum flutningstöxtum.

Samþykki félagsins er áskilið ef váttryggður hyggst nota annað efni við tjónsviðgerð en áður var notað. Sama gildir um breytingar á gerð hins váttryggða.

Útgjöld vegna bráðabirgðaviðgerðar eru félaginu óviðkomandi nema tilgangurinn með henni sé að hindra að tjónið verði meira en orðið er.

Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

11. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

12. Brot á upplýsingaskyldu -svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 3. gr. skilmála þessara.

13. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

14. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt vegna samsvarandi háttsemi þeirra aðila sem tilgreindir eru í a. og b.lið 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

Í váttryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi gildir hið sama um bótarétt vegna háttsemi starfsmanns váttryggðs sem ber ábyrgð á því sviði sem váttryggingin tekur til.

15. Endurkröfuréttur

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

16. Ágreiningur um bætur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Ágreining um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Með greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Málskotseyðublað vegna úrskurðarnefndarinnar er unnt að nálgast hjá félaginu, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu beggja nefndanna.

Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

17. Varnarþing

Varnarþing félagsins er Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

18. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006 og koma í stað skilmála þeirra sem giltu frá 1. janúar 2005

[Efst á skjal](#)